

Nd.

287. Breytingartillögur

við frv. til laga um breytingu á tollögum nr. 54, 11. júlí 1911.

Frá nefndinni.

1. Heiti frv. verði:

Frumvarp til laga um breytingu á tollögum nr. 54, 11. júlí 1911 og
lögum um vörutoll nr. 30, 22. nóv. 1912.

2. Frumvarpsgreinin verði

1. gr.

og hljóði svo:

Nú verður maður uppvis að því, að hafa vanrækt að skýra innheimtumanni, áður lögmæltur frestur sje liðinn, frá tollskyldum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, eða að því, að hafa sagt rangt til um slíkar vörur, án þess, að yfirlýsingin sje gefin á þann hátt, er í 155. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 segir, skal hann sæta frá 50 til 1000 króna sektum.

Nú hefur maður ranglega gefið slíka yfirlýsingu á þann hátt, sem í 155. gr. almennra hegningarlaga greinir, eða á annan samsvarandi hátt, og skal hann sæta þeirri refsingu, sem í nefndri grein hegningarlaganna er ákveðin, þó þannig, að aldrei verði beitt vægari refsingu en 30 daga einföldu fangelsi eða lægri sektum en 100 króna.

Ennfremur skal jafnan, auk refsingar, greiddur þrefaldur tollur af vörum þeim, er undan hefur verið skotið eða rangt sagt til um.

Auk þeirrar refsingar, er í 1. og 2. málsgrein segir, skal sá, er þrisvar hefir gerst sekur um þar nefnd brot, við þriðja brot, og ef miklar sakir eru, dæmdur til þess að hafa fyrirgert leyfi til verslunar eða umboðssölu, ef hann hefir slíkt leyfi. Að liðnum 5 árum, frá dómsuppsögn að telja, getur hann þó fengið slíkt leyfi aftur, enda hafi hann eigi á þeim tíma orðið sekur af nýju um brot gegn ákvæðum þessara laga. Sá, er eigi hefir slíkt leyfi, er hann verður brotlegur, getur eigi fengið þau fyr en að sama tíma liðnum.

3. Aftan við frv. komi ný grein, er verði

3. gr.

og hljóði svo:

Með mál út af brotum gegn 1. málsg. 2. gr., skal fara sem almenn lögreglumál, en mál út af brotum gegn 2. málsg. 1. gr. sæta almennri sakamála meðferð.

4. Þá komi ný grein, er verði

4. gr.

og hljóði svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1. málsg. 8. gr. tolllaga nr. 54, 11. júlí 1911 og 1. málsg. 8. gr. laga um vörutoll nr. 30, 22. nóv. 1912.